

Nd.

255. Frumvarp

til laga um viðauka við lög nr. 79, 14. nóv. 1917, um samþyktir um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum.

Flutningsm.: Jakob Möller.

1. gr.

Ákvæði laga nr. 79, 14. nóv. 1917, um samþyktir um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum, taka einnig til viðskifta við almenning í vinnustofum í kaupstöðum, svo sem rakarastofum, þó að enginn varningur sje þar seldur.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1924.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er borið fram að ósk rakarafjelags Reykjavíkur, og verður nánari grein gerð fyrir því í framsögu.